

**Nd.**

**395. Frumvarp til laga**

[200. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Gils Guðmundsson, Sighvatur Björgvinsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Bjarna Kristinssyni eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi fyrir það verð, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Bjarna Kristinssonar, ábúanda á jörðinni Kirkjubóli í Korpudal, Mosvallahreppi. Kroppsstaðir og Efstaból eru samliggjandi eyðijarðir, sem liggja upp að landareign Kirkjubóls og mynda þannig eðlilega heild.

Hreppsnefnd Mosvallahrepps og jarðanefnd V. -Ísafjarðarsýslu mæla með sölu jarðanna. Eru meðmæli þessara aðila prentuð sem fylgiskjöl hér á eftir.

**Fylgiskjal I.**

Hreppsnefnd Mosvallahrepps hefur samþykkt með samhljóða meiri hluta að mæla með því, að Bjarni Kristinsson, Kirkjubóli, fái keyptar eyðijarðirnar Efstaból og Kroppsstaði í Mosvallahreppi.

15. febrúar 1978.

Guðmundur Ingi Kristjánsson,  
oddviti Mosvallahrepps.

**Fylgiskjal II.**

Meiri hluti jarðanefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samþykkt kaup Bjarna Kristinssonar á jörðunum Efstabóli og Kroppsstöðum í Mosvallahreppi.

16. febrúar 1978.

Valdimar Gíslason.